# Reykjanesbær

Ársreikningur

# 2005

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ
kt. 470794-2169

# Reykjanesbær

## Ársreikningur

# 2005

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-19 |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.529,2 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 4.282,3 milljónir króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 4.175,6 milljónir króna en fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.899,8 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 2.059,3 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 572 stöðugildum í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var hagnaður að fjárhæð um 384,3 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir hagnaði sem nam um 159,2 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða a-hluta var hagnaður að fjárhæð um 87,3 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir hagnaði um 10,9 milljónir króna.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 8.488,3 milljónum króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 11.908,8 milljónum króna í árslok 2005. Heildarskuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs námu um 4.895,7 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 8.432,3 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 3.592,6 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 3.475,4 milljónum króna í árslok 2005.

Íbúafjöldi Reykjanesbæjar 1. desember 2005 var 11.346 og var fjölgun um 392 einstaklinga frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 18. apríl 2006

Árni Sigfússon
bæjarstjóri

Björk Guðjónsdóttir
forseti bæjarstjórnar

Jóhann Geirdal

Böðvar Jónsson

Ólafur Thordersen

Þorsteinn Erlingsson

Guðbrandur Einarsson

Steinþór Jónsson

Sveindís Valdimarsdóttir

Sigríður Jóna Jóhannesdóttir

Kjartan Már Kjartansson

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning bæjarsjóðs og samantekinn ársreikning Reykjanesbæjar og fyrirtækja hans fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af bæjarstjórn og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Reykjanesbær, 18. apríl 2006

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn bæjarsjóðs Reykjanesbæjar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2005. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjanesbær, 18. apríl 2006

Júlíus Jónsson　　　　Reynir Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Skýr. | Bæjarsjóður 2005 | Bæjarsjóður Áætlun | Bæjarsjóður 2004 | Samantekið a og b hluti 2005 | Samantekið a og b hluti Áætlun | Samantekið a og b hluti 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | | | |
| Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs ...... | | 2.724.161 | 2.788.740 | 2.456.334 | 2.698.987 | 2.784.958 | 2.436.658 |
| Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga ..... | | 482.380 | 445.416 | 393.266 | 482.380 | 445.416 | 393.266 |
| Þjónustutekjur ............................................ | | 920.334 | 646.400 | 706.677 | 1.128.210 | 1.032.650 | 887.739 |
| Eignatekjur .................................................. | | 4.156 | 19.264 | 3.999 | 175.036 | 19.264 | 183.089 |
| Söluhagnaður fastafjármuna ...................... | | 44.604 | 0 | 45.417 | 44.604 | 0 | 45.417 |
| | | 4.175.635 | 3.899.820 | 3.605.693 | 4.529.217 | 4.282.288 | 3.946.169 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ........................... | 4 | 2.010.946 | 1.903.964 | 1.774.433 | 2.059.267 | 1.955.987 | 1.823.041 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga ................... | 15 | 185.004 | 185.000 | 183.068 | 190.227 | 185.000 | 183.855 |
| Vöru- og þjónustukaup .............................. | | 1.620.756 | 1.469.374 | 1.588.979 | 1.770.551 | 1.664.419 | 1.811.565 |
| Styrkir og framlög ...................................... | | 511.058 | 514.863 | 505.840 | 511.058 | 514.863 | 505.840 |
| Afskriftir ...................................................... | | 22.694 | 25.600 | 18.461 | 120.680 | 110.201 | 117.871 |
| | | 4.350.458 | 4.098.800 | 4.070.780 | 4.651.784 | 4.430.470 | 4.442.172 |
| **Rekstrartap** | | (174.823) | (198.981) | (465.086) | (122.566) | (148.182) | (496.003) |
| Tekjur af hlutdeildarfélögum ..................... | | 0 | 0 | 0 | 701.154 | 416.640 | 459.195 |
| Fjármunatekjur ............................................ | | 362.323 | 298.535 | 253.525 | 214.143 | 172.315 | 113.578 |
| Fjármagnsgjöld ............................................ | 5 | (100.194) | (88.666) | (41.937) | (408.454) | (281.545) | (286.823) |
| **Hagnaður (tap)** | | 87.306 | 10.889 | (253.498) | 384.277 | 159.228 | (210.052) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2005 | Bæjarsjóður 31.12.2004 | Samantekið a og b hluti 31.12.2005 | Samantekið a og b hluti 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 7 | | | | |
| Fasteignir og byggingarland | | 496.378 | 462.231 | 2.399.505 | 2.465.005 |
| Götur og veitukerfi | | 363.053 | 218.786 | 759.224 | 635.466 |
| Hafnarmannvirki | | 0 | 0 | 687.163 | 716.381 |
| Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | | 6.162 | 7.762 | 20.470 | 25.457 |
| | | 865.592 | 688.779 | 3.866.363 | 3.842.309 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum | 8 | 5.054.873 | 5.054.873 | 6.025.040 | 5.674.385 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 83.935 | 72.985 | 83.935 | 72.985 |
| Skuldabréf | 9 | 102.594 | 111.896 | 128.288 | 158.953 |
| Skuldabréf við eigin sjóði og félög | | 489.839 | 475.785 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10 | 165.869 | 124.659 | 165.869 | 124.659 |
| Langtímakrafa - Manngildissjóður | | 552.993 | 525.205 | 552.993 | 525.205 |
| | | 6.450.102 | 6.365.403 | 6.956.125 | 6.556.187 |
| **Fastafjármunir** | | 7.315.694 | 7.054.182 | 10.822.487 | 10.398.496 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | |
| Birgðir | | 944 | 1.276 | 944 | 1.276 |
| | | 944 | 1.276 | 944 | 1.276 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 11 | 579.068 | 597.910 | 637.706 | 692.520 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 121.993 | 113.974 | 126.008 | 159.514 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti | | 174.492 | 109.077 | 0 | 0 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir skuldabréfaeignar | | 146.935 | 112.326 | 162.391 | 143.352 |
| | | 1.022.489 | 933.286 | 926.105 | 995.387 |
| **Handbært fé** | | | | | |
| Bankainnistæður og sjóður | | 149.192 | 258.306 | 159.271 | 265.296 |
| | | 149.192 | 258.306 | 159.271 | 265.296 |
| **Veltufjármunir** | | 1.172.625 | 1.192.868 | 1.086.319 | 1.261.959 |
| **Eignir** | | 8.488.319 | 8.247.051 | 11.908.807 | 11.660.455 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2005 | Bæjarsjóður 31.12.2004 | Samantekið a og b hluti 31.12.2005 | Samantekið a og b hluti 31.12.2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 12 | 3.592.621 | 3.501.311 | 3.475.411 | 3.289.571 |
| **Eigið fé** | | 3.592.621 | 3.501.311 | 3.475.411 | 3.289.571 |
| **Hlutdeild minnihluta** | | | | | |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé | | 0 | 0 | 1.080 | 1.080 |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 1.751.162 | 1.612.380 | 1.781.508 | 1.638.035 |
| | | 1.751.162 | 1.612.380 | 1.781.508 | 1.638.035 |
| **Langtímaskuldir** | 14 | | | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 1.088.909 | 1.031.772 | 1.088.909 | 1.031.772 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 1.366.410 | 1.420.001 | 4.572.626 | 4.427.012 |
| | | 2.455.319 | 2.451.772 | 5.661.535 | 5.458.783 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 5.007 | 176.518 |
| Viðskiptaskuldir | | 112.826 | 267.060 | 118.526 | 293.481 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B-hluti | | 100.374 | 41.702 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 209.114 | 174.267 | 255.832 | 213.573 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 266.903 | 198.559 | 609.907 | 589.413 |
| | | 689.217 | 681.588 | 989.272 | 1.272.986 |
| **Skuldir** | | 4.895.697 | 4.745.740 | 8.432.315 | 8.369.803 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 8.488.319 | 8.247.051 | 11.908.807 | 11.660.455 |
| **Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga** | 16 | 4.361.918 | | 4.361.918 | |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 15,16 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

| | Skýr. | Bæjarsjóður 2005 | Bæjarsjóður 2004 | Samantekið a og b hluti 2005 | Samantekið a og b hluti 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 87.306 | (253.498) | 384.277 | (210.052) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:** | | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | | 22.694 | 18.461 | 120.680 | 117.871 |
| Afskriftir krafna | | 25.639 | 12.545 | 33.173 | 63.780 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (44.239) | (45.417) | (38.432) | (35.824) |
| Sölutap hlutabréfa | | 0 | 4.800 | 0 | 4.800 |
| Verðbætur og gengismunur | | (137.817) | (121.798) | (1.310) | (746) |
| Hlutdeildartekjur að frádregnum arðtekjum | | 0 | 0 | (549.093) | (354.552) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 138.782 | 150.711 | 143.474 | 151.498 |
| **Hreint veltufé frá (til) rekstrar** | | 92.366 | (234.196) | 92.770 | (263.225) |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 333 | (729) | 333 | (729) |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | | 18.842 | (69.194) | 36.189 | (133.110) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (29.211) | (35.447) | 25.863 | (31.996) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | (119.387) | 175.250 | (135.154) | 140.360 |
| Skammtímaliðir á b - hluta fyrirtæki | | (2.739) | (66.191) | 0 | 0 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | (39.796) | (230.506) | 20.002 | (288.700) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (201.116) | (309.059) | (238.881) | (588.108) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 45.848 | 144.543 | 132.578 | 220.493 |
| Fjárfest í eignarhlutum í félögum | | (11.000) | (98.920) | (11.000) | (98.920) |
| Seld hlutabréf | | 50 | 1.200 | 50 | 1.200 |
| Fjárfest í öðrum kröfum | | 0 | (525.205) | 0 | (513.534) |
| Afborgun langtímakröfu | | 22.768 | 38.301 | 22.768 | 38.301 |
| Afborgun langtímakröfu b - hlutafyrirtækis | | 5.387 | 4.941 | 0 | 0 |
| Ný skuldabréfaeign | | (104.893) | (24.837) | (104.893) | (25.107) |
| Afborgun og uppgreiðsla skuldabréfaeignar | | 74.547 | 376.370 | 109.478 | 383.981 |
| | | (168.409) | (392.665) | (89.899) | (581.694) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán | | 0 | (110.973) | (171.511) | (132.498) |
| Nýjar langtímaskuldir | | 1.130.122 | 875.836 | 1.617.122 | 1.830.020 |
| Afborganir langtímaskulda | | (1.031.031) | (461.664) | (1.481.739) | (1.152.710) |
| | | 99.092 | 303.199 | (36.127) | 544.812 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | (109.113) | (319.973) | (106.025) | (325.582) |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 258.306 | 578.278 | 265.296 | 590.878 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 149.192 | 258.306 | 159.271 | 265.296 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustustöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Vatnsveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf., Álfabrú ehf. og Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.

Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2005 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a og b hlutana.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2005 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur bæjarssjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjurfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti.

Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir.......................................................................... | 25 til 50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi ................. | 25 til 50 ár |
| Veitukerfi......................................................................... | 50 ár |
| Hafnarmannvirki ........................................................... | 7 til 25 ár |
| Lóðsbátur ........................................................................ | 12 ár |
| Aðrar eignir..................................................................... | 3 til 8 ár |

# Skýringar

## Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar bæjarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi bæjarsjóðs eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi bæjarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu bæjarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir bæjarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

## Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

## Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

## Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði. Hæfilegt tillit hefur tekið til úreltra og gallaðra vara.

## Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla um niðurfærslu eigna.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

## Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 2.369.054 | 2.450.349 | 2.343.880 | 2.446.567 |
| Fasteignaskattur | 300.005 | 283.391 | 300.005 | 283.391 |
| Lóðarleiga | 55.103 | 55.000 | 55.103 | 55.000 |
| | 2.724.161 | 2.788.740 | 2.698.987 | 2.784.958 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 169.499 | 157.000 | 169.499 | 157.000 |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 130.877 | 119.738 | 130.877 | 119.738 |
| Almennt grunnskólaframlag | 149.618 | 136.578 | 149.618 | 136.578 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 26.900 | 26.900 | 26.900 | 26.900 |
| Framlag vegna nýbúa | 5.487 | 5.200 | 5.487 | 5.200 |
| | 482.380 | 445.416 | 482.380 | 445.416 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 920.334 | 646.400 | 1.128.210 | 1.032.650 |
| Eignatekjur | 4.156 | 19.264 | 175.036 | 19.264 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | 44.604 | 0 | 44.604 | 0 |
| | 969.093 | 665.664 | 1.347.850 | 1.051.914 |
| Rekstrartekjur samtals | 4.175.635 | 3.899.820 | 4.529.217 | 4.282.288 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 12,70% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,36% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,65% |

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 1.719.132 | 1.623.120 | 1.765.112 | 1.673.663 |
| Launatengd gjöld | 291.814 | 280.844 | 294.155 | 282.324 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 2.010.946 | 1.903.964 | 2.059.267 | 1.955.987 |
| | | | | |
| Stöðugildi í árslok 2005 | 562 | | 572 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2005 | 729 | | 739 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 43,6 milljónum króna.

## 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 |
| Vaxtatekjur frá fyrirtækjum í félagasamstæðu | 39.516 | 40.000 | 39.516 | 40.000 |
| Aðrar vaxtatekjur | 170.353 | 109.340 | 174.233 | 109.340 |
| Gengismunur veltufjármuna | (859) | 0 | (859) | 0 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 184.235 | 179.220 | 32.175 | 53.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | (30.921) | (30.025) | (30.921) | (30.025) |
| | 362.323 | 298.535 | 214.143 | 172.315 |
| Vextir og verðbætur langtímalána | 163.208 | 148.085 | 483.270 | 340.965 |
| Gengishagnaður langtímalána | (90.471) | (108.000) | (109.981) | (108.000) |
| Önnur vaxtagjöld | 27.456 | 48.581 | 35.164 | 48.581 |
| | 100.194 | 88.666 | 408.454 | 281.545 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | 262.130 | 209.869 | (194.310) | (109.230) |

## 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 3.232.449 | 3.232.449 | 3.259.765 |
| Félagsþjónusta | 367.069 | 137.085 | (229.984) | (270.415) |
| Heilbrigðismál | 6.364 | 0 | (6.364) | (6.273) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 2.157.085 | 273.999 | (1.883.086) | (1.842.597) |
| Menningarmál | 146.332 | 18.184 | (128.148) | (116.176) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 545.773 | 154.301 | (391.473) | (399.316) |
| Brunamál og almannavarnir | 72.285 | 0 | (72.285) | (73.660) |
| Hreinlætismál | 92.200 | 69.437 | (22.763) | (25.717) |
| Skipulags- og byggingarmál | 131.637 | 66.629 | (65.009) | (65.888) |
| Umferðar- og samgöngumál | 158.747 | 57.567 | (101.180) | (88.712) |
| Umhverfismál | 49.693 | 155 | (49.538) | (60.459) |
| Atvinnumál | 40.840 | 14.674 | (26.166) | (17.593) |
| Sameiginlegur kostnaður | 311.730 | 27.234 | (284.496) | (259.105) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 138.782 | 0 | (138.782) | (150.000) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (262.482) | 0 | 262.482 | 209.895 |
| Aðalsjóður samtals | 3.956.057 | 4.051.713 | 95.656 | 93.750 |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður | 18.651 | 69.156 | 50.505 | (39.826) |
| Þjónustustöð | 69.017 | 10.162 | (58.854) | (43.035) |
| Bæjarsjóður samtals | 4.043.725 | 4.131.031 | 87.306 | 10.889 |

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta stofnanir:** | | | | |
| Fráveita Reykjanesbæjar | 100.608 | 123.335 | 22.727 | 45.162 |
| Vatnsveita Reykjanesbæjar | 0 | 4.004 | 4.004 | 0 |
| Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar | (485) | 36 | 521 | 0 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Reykjaneshöfn | 302.931 | 107.504 | (195.427) | (105.986) |
| Álfabrú ehf | 340 | 0 | (340) | 0 |
| Fasteignafélag Reykjanesbæjar ehf | 224.498 | 147.033 | (77.465) | (81.257) |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf | 6.141 | 0 | (6.141) | 0 |
| | 634.034 | 381.912 | (252.122) | (142.081) |
| Hlutdeildarfærslur | 0 | 549.093 | 549.093 | 290.420 |
| Samantekt samtals | 4.677.759 | 5.062.036 | 384.277 | 159.228 |

## 7. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

### Bæjarsjóður

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 690.771 | 224.307 | 10.941 | 926.020 |
| Afskrifað áður | (228.540) | (5.521) | (3.179) | (237.240) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 462.231 | 218.786 | 7.762 | 688.779 |
| Viðbót á árinu | 48.023 | 152.123 | 970 | 201.116 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (1.609) | (1.609) |
| Afskrifað á árinu | (13.876) | (7.857) | (961) | (22.694) |
| Bókfært verð í árslok | 496.378 | 363.053 | 6.162 | 865.592 |

### Samantekið

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Hafnar-mannvirki | Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 2.811.096 | 1.314.011 | 920.612 | 96.600 | 5.142.319 |
| Afskrifað áður | (346.091) | (678.544) | (204.231) | (71.143) | (1.300.010) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.465.005 | 635.466 | 716.381 | 25.457 | 3.842.309 |
| Viðbót á árinu | 75.810 | 153.435 | 8.066 | 970 | 238.281 |
| Selt á árinu | (91.525) | 0 | 0 | (2.021) | (93.547) |
| Afskrifað á árinu | (49.785) | (29.677) | (37.283) | (3.935) | (120.680) |
| Bókfært verð í árslok | 2.399.505 | 759.224 | 687.163 | 20.470 | 3.866.363 |

Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Bæjarsjóður** | | | |
| Tónlistarskólar | 31.425 | 70.450 | 32.186 |
| Gæsluvellir | 25.055 | 33.560 | 12.068 |
| Íþróttamannvirki | 41.480 | 21.250 | 29.963 |
| Aðrar fasteignir og byggingaland | 475.615 | 309.310 | 422.160 |
| | 573.575 | 434.570 | 496.378 |
| **Samantekið** | | | |
| Fasteigna bæjarsjóðs sbr. skýringu hér að ofan | 573.575 | 434.570 | 496.378 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 2.367.523 | 2.828.065 | 1.720.323 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ | 45.240 | 104.580 | 40.998 |
| Reykjaneshöfn | 13.233 | 30.278 | 20.699 |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf. | 176.891 | 415.084 | 121.107 |
| | 2.999.570 | 3.397.493 | 2.399.505 |

## 8. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | | **Bæjarsjóður** | **Samantekið** |
|---|---|---|---|
| | Hlutdeild | Bókfært verð | Bókfært verð |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Hitaveita Suðurnesja hf. | 39,68% | 4.153.754 | 5.464.301 |
| Álfabrú ehf. | 100,00% | 500 | 0 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 100,00% | 275.699 | 0 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. | 35,53% | 526.000 | 560.739 |
| Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf. | 98,92% | 98.920 | 0 |
| | | 5.054.873 | 6.025.040 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja ehf. | 30,06% | 59 | 59 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. | 15,29% | 71.974 | 71.974 |
| Heilsufélagið Bláa Lónið hf. | 0,06% | 600 | 600 |
| Helguvíkurmjöl hf. | 1,21% | 871 | 871 |
| Íslendingur ehf. | 23,00% | 8.000 | 8.000 |
| Landskerfi Bókasafna | 1,91% | 2.873 | 2.873 |
| Olíustöðin Helguvík hf. | 50,00% | 1.000 | 1.000 |
| Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. | 20,14% | 25.850 | 25.850 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 11,35% | 2.094 | 2.094 |
| Talus ehf. | 0,94% | 200 | 200 |
| Tjarnargata 12 ehf. | 30,10% | 2.107 | 2.107 |
| Sorpeyðingastöð Suðurnesja s.f. | 66,92% | 33 | 33 |
| Samvinnutryggingar g.t. | | 2 | 2 |
| Afskriftareikningur eignarhluta | | (31.729) | (31.729) |
| | | 83.935 | 83.935 |
| | | 5.138.808 | 6.108.975 |

## 9. Langtímakröfur

| Skuldabréfaeign greinist þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Byggingasjóður verkamanna | 8.713 | 8.713 |
| Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur | 0 | 46.557 |
| Almenn skuldabréfaeign | 220.823 | 221.070 |
| | 229.535 | 276.340 |
| - óbein afskrift skuldabréfa | (14.392) | (14.392) |
| | 215.143 | 261.947 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | (112.549) | (133.659) |
| | 102.594 | 128.288 |
| Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár: | | |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | 112.549 | 133.659 |
| Afborganir 2007 | 9.907 | 15.112 |
| Afborganir 2008 | 9.100 | 14.222 |
| Afborganir 2009 | 7.807 | 12.930 |
| Afborganir síðar | 90.172 | 100.417 |
| | 229.535 | 276.340 |

## 10. Aðrar langtímakröfur

Aðrar langtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Varnarliðið vegna fráveituframkvæmda | 194.600 | 194.600 |
| - næsta árs afborganir | (28.732) | (28.732) |
| | 165.869 | 165.869 |

## 11. Óinnheimtar tekjur

| Óinnheimtar tekjur í árslok greinast þannig: | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Útsvör og aðstöðugjöld: | | |
| Gjöld í innheimtu Sýslumannsins í Keflavík | 233.477 | 233.477 |
| - óbein afskrift gjalda | (28.017) | (28.017) |
| Sýslumaðurinn í Keflavík millireikningur | 4.278 | 4.278 |
| Útistandandi staðgreiðsla | 209.048 | 209.048 |
| | 418.785 | 418.785 |
| Fasteignagjöld: | | |
| Gjöld í gjaldendabókhaldi bæjarsjóðs | 28.440 | 28.440 |
| | 28.440 | 28.440 |
| Aðrar tekjur: | | |
| Gatnagerðargjöld | 100.439 | 100.439 |
| - óbein afskrift gjalda | (5.022) | (5.022) |
| Vistgjöld barna á leikskólum | 12.674 | 12.674 |
| Ýmsar tekjur | 25.623 | 25.623 |
| - óbein afskrift gjalda | (1.871) | (1.871) |
| | 131.842 | 131.842 |
| Óinnheimtar tekjur bæjarsjóðs alls | 579.068 | 579.068 |
| Viðskiptakröfur annarra félaga | 0 | 58.638 |
| Óinnheimtar tekjur alls | 579.068 | 637.706 |

Óinnheimt útsvör auk dráttarvaxta af þeim kröfum eru niðurfærð um óbeina afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu fyrirframgreindra krafna. Niðurskrift þessi nemur alls kr. 28.017.223, sem er um 12% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Óbein afskrift útsvara og dráttarvaxta af þeim hækkar um kr.1.371.070 á árinu sem eru færðar til lækkunar á skatttekjum.

Aðrar útistandandi tekjur, víxileign, skuldabréfaeign og viðskiptamenn vegna ábyrgða eru niðurfærð á sama hátt til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftasjóð vegna gatnagerðargjalda kr. 5.021.927, vegna vistgjalda og annarra tekna kr. 1.870.575, vegna víxileignar kr. 100.000, vegna skuldabréfaeignar kr. 14.392.378 og kr. 33.089.770 vegna viðskiptamanna. Ofangreindir afskriftasjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Óbeinar afskriftir vegna þessara krafna hækka um kr. 24.268.147 á árinu og er fært í málaflokk 21, sameiginlegur kostnaður. Á árinu var afskrifað beint vegna þessara krafna kr. 268.181.

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 3.501.311 | 3.289.571 |
| Endurmat hlutdeildarfélaga á árinu | 0 | (198.437) |
| Eigið fé Vatnsveitu flutt á bæjarsjóð | 4.004 | 0 |
| Rekstrarafkoma ársins | 87.306 | 384.277 |
| | 3.592.621 | 3.475.411 |

## 13. Skuldbindingar

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar, B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði Hjúkrunarkvenna. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingafræðings miðað við 2% ávöxtun nemur alls um 1.751,2 milljónum í árslok 2005 og hefur þá hækkað um 138,8 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Í lífeyrissjóði eins og Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar skal miða við 2% þar sem lífeyrisgreiðslur eru beintengdar við kauplagsþróun en að öðrum kosti er almennt miðað við 3,5% ávöxtun.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 30,3 milljónum króna samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar nam um 4,7 milljónum króna og er fært til gjalda í rekstrarreikningi.

| | Árið 2005 | | Árið 2004 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bæjarsjóður | Samantekið | Bæjarsjóður | Samantekið |
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 1.612.380 | 1.638.035 | 1.461.669 | 1.486.537 |
| Hækkun ársins | 185.004 | 190.227 | 183.068 | 183.855 |
| Afborganir ársins | (46.222) | (46.754) | (32.357) | (32.357) |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 1.751.162 | 1.781.508 | 1.612.380 | 1.638.035 |

## 14. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Skuldir í EUR | 1.116.050 | 1.145.265 |
| Skuldir í USD | 0 | 28.001 |
| Skuldir í JPY | 0 | 6.443 |
| Skuldir í CHF | 0 | 29.652 |
| Skuldir í SEK | 0 | 24.329 |
| | 1.116.050 | 1.233.692 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 1.606.171 | 5.037.750 |
| | 2.722.221 | 6.271.442 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (266.903) | (609.907) |
| Langtímaskuldir í árslok | 2.455.319 | 5.661.535 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 266.903 | 609.907 |
| Afborganir 2007 | 244.095 | 469.908 |
| Afborganir 2008 | 206.994 | 891.996 |
| Afborganir 2009 | 186.353 | 364.695 |
| Afborganir síðar | 1.817.876 | 3.934.936 |
| | 2.722.221 | 6.271.442 |

## 15. Ábyrgðir og veðsetningar

Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru:

Hlutur bæjarsjóðs í ábyrgðarskuldbindingum til þriðja aðila sem bæjarstjórn hefur samþykkt með einfaldri bæjarábyrgð nemur alls að eftirstöðvum um 13,7 milljónir króna.

Bæjarsjóður er í greiðsluskuldbindingum vegna landakaupasamninga að fjárhæð 14,2 milljónir kr. og vegna íþróttamannvirkja að fjárhæð um 5,2 milljónir kr.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á öllum skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. um 1.817,4 milljónum króna og Reykjaneshafnar um 1.964 milljónir króna eins og þær voru samkvæmt efnahagsreikningi þessara stofnana í árslok 2005.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar ber ábyrgð að hluta á skuldum sameignarfélaganna Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum auk skulda Hitaveitu Suðurnesja hf. sem teknar voru áður en félagið var gert að hlutafélagi. Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar nemur um 482 milljónum króna fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, um 60,2 milljónum króna fyrir Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum og um 60 milljónir króna í skuldum Hitaveitu Suðurnesja hf.

## 16. Rekstrarleigusamningar

Reykjanesbær gerði á árinu 2003 rekstrarleigusamninga um leigu og rekstur á alls 27 fasteignum undir skóla, leikskóla, skrifstofur, æskulýðs- og íþróttastarf, byggðasafn og aðra starfsemi við dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Fasteign ehf. Samningarnir eru allir til 30 ára og lýkur á árinu 2033. Leigugreiðslur hófust í maí 2003. Þrír nýjir samningar bættust við á árinu 2005 auk viðbóta á árinu 2005 við fyrri samninga.

### Samningar Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.:

| | Upphaf leigutíma | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna 2006 | 2007-2010 | Síðar | Núvirði lágm. leigugreiðslna |
|---|---|---|---|---|---|
| Íþróttahús (3 samningar)........................................ | 1.5.2003 | 33.410 | 133.642 | 723.892 | 502.809 |
| Íþróttahús (1 samningur)....................................... | 26.8.2005 | 21.234 | 84.934 | 460.060 | 331.417 |
| Sundhöll (2 samningar).......................................... | 1.5.2003 | 15.931 | 63.724 | 345.174 | 239.755 |
| Leikskólar (7 samningar)........................................ | 1.5.2003 | 20.007 | 80.026 | 433.477 | 301.089 |
| Leikskólar (1 samningur)....................................... | 1.2.2004 | 3.891 | 15.563 | 84.301 | 58.555 |
| Skólar (6 samningar)............................................... | 1.5.2003 | 105.599 | 422.394 | 2.287.968 | 1.589.204 |
| Skólar (1 samningur)............................................... | 1.8.2005 | 29.405 | 117.618 | 637.098 | 458.950 |
| Aðrar eignir (8 samningar) .................................. | 1.5.2003 | 13.237 | 52.949 | 286.807 | 199.214 |
| Aðrar eignir (1 samningur).................................... | 1.12.2003 | 4.171 | 16.683 | 90.367 | 62.768 |
| Samtals...................................................................... | | 246.884 | 987.534 | 5.349.144 | 3.743.760 |

Heildarleigugreiðslur ofangreindra samninga námu um 370,5 milljónum króna á árinu 2005. Til viðbótar þessu var gerður samningur þann 15. júlí 2005 vegna nýrrar sundlaugar Sundmiðstöðvar við Sunnubraut að fjárhæð kr. 641.000.000 en leigugreiðslur hefjast ekki fyrr en á árinu 2006.

Auk ofangreindra samninga eru í gildi samningar um leigu á alls 4 fasteignum undir bókasafn, skrifstofur og íþróttahöll við fasteignafélögin Mæni ehf. og Landsafl hf. Lengd leigusamninganna eru frá 10 til 35 ára og lýkur greiðslu þeirra í síðasta lagi á árinu 2034:

### Aðrir samningar:

| | Upphaf leigutíma | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna 2006 | 2007-2010 | Síðar | Núvirði leigugreiðslna |
|---|---|---|---|---|---|
| Bókasafn - Hafnarg. 57 (2 ár)................................ | 1.6.2005 | 22.926 | 24.837 | 0 | 21.719 |
| Bæjarskr. - Hafnarg. 57 (10 ár).............................. | 1.1.1997 | 4.337 | 0 | 0 | 6.611 |
| Bæjarskr. - Tjarnarg.12 (20 ár)............................... | 1.2.1999 | 15.084 | 60.336 | 121.930 | 130.305 |
| Reykjaneshöll (35 ár)............................................... | 1.2.1999 | 36.763 | 147.053 | 848.616 | 459.524 |
| | | 79.110 | 232.226 | 970.545 | 618.158 |

Heildarleigugreiðslur vegna annarra samninga námu um 73,3 milljónum króna á árinu 2005.

Skv. ofangreindum leigusamningum hefur leigutaki ekki kauprétt á hinum leigðu eignum gegn óverulegri greiðslu og eignarréttur flyst ekki yfir til leigutaka í lok leigutíma. Leigutími þessara samninga er talsvert skemmri en áætlaður líftími eignanna og núvirði lágmarksleigugreiðslna er undir raunvirði þeirra. Leigusamningar þessir eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og því ekki eignfærðir né skuldbinding vegna þeirra færðar til skuldar í efnahagsreikningi.

## 17. Kennitölur

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 | 2005 | Fjárhags-áætlun 2005 |
| Í hlutfalli við rekstrartekjur: | | | | |
| Skatttekjur | 65,24% | 71,51% | 59,59% | 65,03% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 11,55% | 11,42% | 10,65% | 10,40% |
| Aðrar tekjur | 22,14% | 17,07% | 28,77% | 24,56% |
| Laun og launatengd gjöld | 48,16% | 48,82% | 45,47% | 45,68% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 4,43% | 4,74% | 4,20% | 4,32% |
| Annar rekstrarkostnaður | 51,60% | 51,54% | 53,04% | 53,46% |
| Rekstrargjöld | 104,19% | 105,10% | 102,71% | 103,46% |
| Fjármagnsliðir, nettó | (6,28%) | (5,38%) | 4,29% | 2,55% |
| Rekstrarniðurstaða | 2,09% | 0,28% | 8,48% | 3,72% |
| Í þúsundum króna á íbúa: | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 283 | 285 | 280 | 285 |
| Aðrar tekjur | 81 | 59 | 115 | 93 |
| Rekstrartekjur samtals | 364 | 344 | 395 | 377 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | (360) | (343) | (427) | (400) |
| Hlutdeildartekjur | 0 | 0 | 62 | 38 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 4 | 1 | 30 | 15 |

| | 31.12 2005 | 31.12 2004 | 31.12 2005 | 31.12 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Eignir | 748 | 753 | 1.050 | 1.064.493 |
| Eigið fé | 317 | 320 | 306 | 300.308 |
| Skuldir og skuldbindingar | 431 | 433 | 743 | 764.086 |
| Aðrar lykiltölur: | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 1,70 | 1,75 | 1,10 | 0,99 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn | 42,32% | 42,46% | 29,18% | 28,21% |
| Íbúafjöldi: | | | | |
| Í ársbyrjun | 10.954 | 10.907 | 10.954 | 10.907 |
| Breyting á árinu | 392 | 47 | 392 | 47 |
| Í árslok | 11.346 | 10.954 | 11.346 | 10.954 |